

BORGARRÁÐ 1. febrúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um manneklu í leikskólum - MSS24020005

Hvað er skóla- og frístundasvið/ráð að gera um þessar mundir til að leysa mannekluvanda leikskóla? Hefur verið kannað hvað veldur því að mannekla er meira vandamál í sumum leikskólum en öðrum? Er verið að umbuna þeim leikskólum þar sem lítil eða engin starfsmannavelta er? Nýlega var ráðinn mannauðsstjóri til viðbótar við þá átta sem fyrir voru. Hefur þessi nýja staða hefur haft áhrif á mannekluvanda leikskóla? Hvað hefur Afleysingastofu tekist að ráða marga starfsmenn í leikskóla síðasta ári?

Greinargerð:

Mannekluvandi er alvarlegri vandi í sumum leikskólum en öðrum. Vandinn er í sumum leikskólum hrikalegur og eru foreldrar ýmist sendir heim með börnin sín þegar þau koma með þau eða þeir beðnir að sækja þau vegna þess að ekki hefur tekist að manna daginn. Þessi vandi er misjafn eftir leikskólum. Í sumum leikskólum er hann einfaldlega ekki til staðar.